

16. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STARFSÁRIÐ 2019-2020

Priðjudaginn 2. júní kl. 18:00 var haldinn sextándi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna, Guðbjargar Guðmundsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Dagskrá er sem hér segir:

1. Ársreikningur HRFÍ (fylgiskjal 1)

Guðný fer yfir ársreikning félagsins sem endurskoðandi hefur nú skilað af sér og skoðunarmenn litið á. Guðný leggur einnig fram rekstraráæltun fyrir félagið sem er staðfest og samþykkt.

2. Ársskýrsla HRFÍ

Umræður um ársskýrslu félagsins, smávægilegar aðlaganir gerðar og gengið frá og skrifað undir skýrsluna.

3. Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ

Í framhaldi af umræðum síðasta fundar er fulltrúum Ræktunar- og staðlanefndar félagsins boðið á fundinn til að kynna vinnu sína og tillögur í Reglugerð um skráningu í ættbók. Frá staðlanefnd mæta á fundinn Erna Sigríður Ómarsdóttir, Klara Símonardóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir.

Lilja Dóra kynnir vinnu nefndarinnar en nefndin skoðaði ýtarlega hvernig þessum málum er háttað í heimalöndum hvers hundakyns sem og á Norðurlöndunum. Reglurnar eru mismunandi milli landa en almennt er tilhneiging til þess að slaka á kröfum. Skilyrði snúa helst að arfgengri vaxandi sjónurýrnun (PRA), mjaðmalosi (HD) og einstaka öðrum sjúkdómum sem þykja alvarlegir og einskorðast þá við nokkur hundakyn. Nefndin lagði sig einnig fram um að samræma orðalag um sömu sjúkdóma og færði suma hluti upp í almennan kafla reglugerðarinnar.

Shih Tzu deildin er ekki sammála kröfu um hnéskekjaskoðun á shih tzu, segir hnéskekjalos ekki vandamál hjá kyninu og leggst ræktunar- og staðlanefndin ekki gegn afnámi þess skilyrðis. Því er ákveðið að fella kröfu um hnéskekjaskoðun út hjá shih tzu. Annað gildir hins vegar um yorkshire terrier og ræktunarskilyrði þar verða óbreytt, þrátt fyrir mótmæli deildarinnar.

Svarhlutfall deilda hefði mátt vera hærra en ræktunarskilyrðum var ekki breytt hjá flestum þeim deildum sem svöruðu ekki.

Lilja Dóra fer áfram yfir helstu breytingartillögur nefndarinnar. Í almennum hluta reglugerðarinnar segir nú um mjaðmalos að séu hundar með HD C eða D megi einungis para þá við A eða B en þó með möguleika á undanþágu fyrir íslenska fjárhundinn.

Önnur stór breyting er að N/C/P (Normal/Clear by Parentage) stimpill vegna DNA niðurstaðna gengur nú ekki niður nema um eina kynslóð. Greiningarfyrirtækin votta ekki sínar niðurstöður lengra en eina kynslóð í einu vegna hættu á stökkbreytingum, rangri skráningu eða galla í niðurstöðum og því er nefndin einhuga um þessa niðurstöðu. Nokkrar umræður sköpuðust um þessa breytingu og m.a. komið inn á hagsmuni greiningarfyrirtækjanna. Klara bendir þá einnig á að HRFÍ verði að móta sér stefnu varðandi það hvaða greiningarfyrirtæki/rannsóknarstofur það samþykkir. Umræður um málið og skrifstofa félagsins mun kanna hvernig þessum málum er háttað hjá hinum löndunum innan NKU samstarfsins.

Í tillögum nefndarinnar er nú sömuleiðis krafa um að skrá skottlengd hjá ákveðnum hundakynjum. Þetta tengist miðlínugalla og mikilvægt fyrir ræktendur í þessum tegundum að fá að vita hver skottlengdin er á hundunum. Hjá flestum öðrum félögum þarf dýralæknir að skoða hvolpa fyrir þriggja daga aldur og votta skottlengd en hér verður ræktendum treyst.

Þegar búið er að samþykkja fyrirlagðar breytingar þarf að uppfæra sýningareglur m.t.t. afbrigða einstakra hundakynja sem hægt er að breyta á sýningum, s.s. schäfer (loðinn/snöggur).

Næsta skref í breytingum væri að skrá liti en það skal gera samkvæmt reglum FCI. Þessi breyting er þó ekki komin inn í reglugerðina, verður lögð til seinna, þ.e. þegar nýja tölvukerfið verður komið í gang.

Mikilvægt verður að kynna þessa reglugerðarbreytingu vel og gefa ræktendum góðan tíma til aðlögunar.

Tillögur Ræktunar- og staðlanefndar að breytingu á Reglugerð um skráningu í ættbók samþykktar með þeim smávægilegu breytingum sem ræddar hafa verið hér að ofan. Einnig samþykkt að þegar ný hundakyn verði skráð hjá HRFÍ þá muni skrifstofan senda Ræktunar- og staðlanefnd upplýsingar þar að lútandi svo móta megi viðeigandi ræktunarskilyrði fyrir hvert hundakyn fyrir sig.

Einnig farið fram á að Ræktunar- og staðlanefnd vinni ræktunarstefnu fyrir félagið og Lilja Dóra upplýsir að nefndin hafi nú þegar þýtt Ræktunarstefnu FCI (e. FCI Breeding Strategies).

4. Önnur mál

Guðni sendi inn formlegt erindi í tölvupósti til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem leitað er eftir fjárstuðningi við HRFÍ vegna kaupa og innleiðingar á nýju tölvukerfi fyrir ræktendur og félagsmenn HRFÍ.